

Kunnugastir eru staðirnir „Bloksbjörg“ á Harzen, á Þýzka-landi, „Blákolla“ á Eylandi við Svíþjóð og svo Hekla á Íslandi. Var þessi hátíð ýmist haldin „Valpyrgisnóttina“ fyrsta maí eða á Jónsmessunótt. Allar nornir áttu að vera viðstaddar þessa nótt, annars var illt að vænta frá Kölska. Ferðalagið var og með ýmsu fleira móti. Sumar riðu þúkum til þingmóts, er voru þá í hafursgervi. Þá máttu þær ekki líta aftur, því það varð til þess, að þær féllu af baki, og gekk þá ferðalagið seinna. Sömu-leiðis er með hátíðina, er haldin var með miklum glaumi og gleði, dýrindis krásam og vínum o. s. frv. Að hófinu var hver sú norn, er flest skálkapörin hafði framið, í mestum hávegum höfð en hinar, er litlu hafa áorkað, fá drjúgum ofanígjafir, og liðleskurur allar hýddar að boði Kölska af djöflaböðlinum.

Þegar nýir meðlimir hafa þannig séð allt, sem fram fer, og kynnt sér hvers þeir mega vænta, eru þeir teknir inn í samfélag nornanna, um leið og þeir skrá nafn sitt með blóði sínu í afar-stóra bók. Stundum er þó samningurinn beinlínis gjörður við Kölska sjálfan, þar sem viðkomandi áskilur sér jarðneskan auð og fagnað, en heitir aftur á móti, að heyra honum til eftir víst tímabil; og eru til afrit nokkurra slíkra samninga.

Eftir að nöfnin eru skráð, fram fer skírni hinna nýju meðlimi, og fá þeir þá nýtt nafn. Að lokum setur Kölski innsigli sitt á þann, sem skírður er, helzt á einhvern hulinn stað. „En þar sem Satan hefir drepð fingri sínum á, þar kennir eigi sársauka framar.“ Á því áttu allar nornir að þekkjast, að á sér báru þær einhvers staðar tilfinningarlausan díl, ef að var hugað.

Til þess að verjast öllum þessum ófögnum og árásum hins illa og útsendara hans, þurfti almenningur manna að fá einhverjar verjur í hendur eða lærdóm, er unnið fengi því bug. Kyrkjan fer því að taka upp ýmiskonar varnargaldur, er flestir þénarar hennar urðu næsta leiknir í. En það reyndist brátt ónóg, því ekki gat presturinn ætíð verið á öllum stöðum. Enda þurfti lýðurinn sjálfur eitthvað að vita lengra nefsínu. Þannig varð þá til „lýðtöfrafræðin“, er fékk mikið gengi um þessar mundir. Með notkun hennar kunni hver og einn að verja sig fyrir flestum ásóknum og gjörningum.

Lýðtöfrafræðin hafði þrennskonar tilgang, að uppgötva for-